

Fundargerð

Landsfundar 2018

Sjálfbjörg

landssamband hreyfihamlaðra

21. apríl 2018



Betra aðgengi - öllum í hag!

Haldinn í

Þjónustumiðstöð Sjálfbjargar, Hátúni 12, 105 Reykjavík

Laugardagur 21. apríl 2018

Setning Landsfundar Sjálfsbjargar 2018 kl. 9.00.

Formaður Sjálfsbjargar Ish. **Bergur Þorri Benjamínsson** bauð þingfulltrúa, formann Öryrkjabandalagsins og gesti alla velkomna til landsfundar 2018.

Puríður Harpa Sigurðardóttir formaður Öryrkjabandalags Íslands ávarpaði landsfundinn.

Veiting heiðursviðurkenninga

Formaður stýrði afhendingu heiðursviðurkenningar Sjálfsbjargar Ish. **Ragnar Gunnar Þórðarson** fv. formaður Sjálfsbjargar á árunum 2004-2010 var heiðraður með gullmerki Sjálfsbjargar landsambands. Jón Eiríksson sagði frá störfum Ragnar Gunnars en á löngum starfsferli hefur hann lagt Sjálfsbjörg lið um áratugaskeið. Ragnar Gunnar varð formaður Sjálfsbjargar í Reykjavík og nágrenni árin 1989-1992. Áður hafði hann setið í varastjórn félagsins. Ragnar Gunnar varð síðan formaður Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra árin 2004-2010. Áður hafði hann setið í stjórn landssambandsins, ma. sem gjaldkeri. Ragnar Gunnar beitti sér sem formaður samtakanna í þágu félagsmanna og fatlaðra almennt. Má segja að hann hafi átt þátt í að hafa víkkað út umræðuna og farið í meira mæli en gert hafði verið að tala um réttindi fatlaðra sem mannréttindi.

Bergur Þór Benjamínsson formaður ávarpaði landsfundarfulltrúa og upplýsti að loksins væru komnar af stað umræður sem byggja á vinnu sérfræðinga í stjórnslunni um endurskoðun á lífeyriskerfinu/ almannatryggingarkerfinu. Landsfundur er ekki fullskipaður en hann rekst á við stefnuþing ÖBÍ. Formaður ítrekaði mikilvægi þess að halda félagsstarfinu gangandi. Ársverkefnið „*Sundlaugar fyrir ALLA*“ tókst vel og eru t.d nýjar setlaugar á Akureyri aðgengilegar. Þann 1. febrúar kom tilkynning um að Salalaug hefði keypt nýja lyftu og í Garðabæ hafa verið útbúnir klefar fyrir fatlaða. Niðurstaða síðasta fjárhagsárs hjá Sjálfsbjörg Ish. er glæsileg og hefur ekki verið jafn góð rekstarniðurstaða í áratug. Að lokum bauð formaður landsfundarfulltrúa og gesti velkomna á landsfundinn 2018 og setti fundinn.

Kaffihlé

Skipan fundarstjóra og fundarritara

Bergur Þór Benjamínsson formaður lagði til að Hjörtur Örn Eysteinnsson skrifstofustjóri hjá NPA miðstöðinni yrði fundarstjóri og Þórdís Rún Þórisdóttir skrifstofustjóri Sjálfsbjargarheimilisins yrði fundarritari. Var það samþykkt. Fyrirspurn kom um lögmæti boðunar fundarins og var upplýst að formönnum var sendur tölvupóstur með rúmlega 10 vikna fyrirvara og úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan.

Kjörbréf

Komin eru kjörbréf allra sem eru mættir á fundinn eða alls 31. Kjörbréf eru komin fyrir alla sitjandi fulltrúa samtals 34.

Dagskrá

Fundarstjóri lagði fram dagskrá til samþykktar og var hún samþykkt.

Skýrsla Sjálfsbjargar Ish. fyrir árið 2017

Bergur Þorri Benjamínsson formaður kynnti skýrslu stjórnar fyrir árið 2017.

Ársreikningur Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2017

Endurskoðandi Sjálfsbjargar Theódór Sigurbergsson kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2017. Fram kom að heildartekjur hækkuðu um 16% milli ára m.a. vegna styrkja og gjafa og framlög frá Hollvinum hafa hækkað milli ára. Gjöld hafa lækkað. Hagnaður ársins 2017 voru um 23 milljónir króna. Fyrirspurn kom vegna Kistuholts og var henni svarað greiðlega. Ársreikningurinn var borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur.

Skýrslur aðildarfélaga

Aðildarfélögum var boðið að fylgja eftir sínum skýrslum sínum sem voru í fundarmöppu en enginn landsfundarfulltrúi óskaði eftir því.

Skýrsla og ársreikningur Sjálfsbjargarheimilisins 2017

Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins kynnti skýrslu og ársreikning Sjálfsbjargarheimilisins fyrir árið 2017.

Fjárhagsáætlun Sjálfsbjargar Ish. fyrir 2018 og 2019

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. fór yfir og kynnti fjárhags- og rekstaráætlun fyrir árin 2018-2019. Áætlanirnar voru bornar upp til samþykktar og voru þær samþykktar.

Tillaga um árgjald

Fyrir lá tillaga frá stjórn um að árgjaldið verði óbreytt eða kr. 500.- á hvern félag. Var sú tillaga borin upp til samþykktar og var hún samþykkt.

Ársverkefni 2018

Þorsteinn Fr. Sigurðsson kynnti ársverkefni ársins 2018 sem er „Söfnin okkar ALLRA“. Verkefni var borið undir fundinn til samþykktar og var það samþykkt.

Fjárhagslegar aðstæður fatlaðs fólks

Eiríkur Smith fötlunarfræðingur hélt erindi um fjárhagslegar aðstæður fatlaðs fólks. Falin kostnað, fátækt og nýjar áherslur á félagslegt öryggi.

Hádegishlé kl. 12.10

Ályktanir stjórnar

Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish. kynnti tillögu stjórnar um þrjár ályktanir.

1. Ályktun um ferðapjónustu fatlaðra

Frá því nýtt fyrirkomulag í ferðapjónustu fatlaðra var tekið upp hefur ríkt vantraust af hálfu farþega til ferðapjónustu fatlaðra. Fyrir lok ársins 2018 þurfa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að svara hvort þau ætli að halda áfram með það fyrirkomulag sem nú er eða breyta

því. Afar mikilvægt er að sveitarfélögin svari þessari spurningu sem allra fyrst.

Samkvæmt álitum umboðsmanns alþingis, liggur það fyrir að öll sveitarfélög þurfa að veita sínum hreyfihömluðu íbúum ferðapjónustu, líka í hinum dreifðu byggðum. Þau sveitarfélög sem ekki eru að veita ferðapjónustu þurfa að einhenda sér í veita þessa þjónustu sé þess óskað enda er hún lögbundin.

2. Ályktun um kjaramál fatlaðra.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 21. apríl 2018 skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja fötluðu fólki í landinu full mannréttindi. Samtökin krefjast þess að ríkisstjórnin, sveitarfélögin og atvinnulífið tryggi framboð á hlutastörfum nú þegar eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkistjórnarinnar.

Nýtt kerfi utanum örorkulífeyri og hugsanlegt starfsgetumat verður aldrei skiptimynt fyrir bætt kjör.

Landsfundurinn harmar að viðræður þær sem hafa verið boðaðar við forsvarsmenn öryrkja hafi enn ekki farið formlega af stað.

3. Ályktun um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Landsfundur Sjálfsbjargar harmar að ekki eigi að fullgilda Viðauka við samninginn en hann gerir ráð fyrir kvörtunarleið til Sameinuðu þjóðanna sem er nauðsynleg hreyfihömluðu fólki. Sú skýring stjórnvalda að viðaukinn hafi ekki verið fullgiltur vegna þess að hann innifeli valdaframsal er vafasöm, m.a. í ljósi þess að ályktun Alþingis gerir ráð fyrir að viðaukann eigi að fullgilda fyrir árslok 2017.

Í kjölfar umræðna var lagt til að Bergur Þorri Benjamínsson formaður, Ásta Þórdís Guðjónsdóttir og Jón Eiríksson færu yfir ályktanirnar með tilliti til orðlags. Var afgreiðslu ályktana frestað.

Tillaga að stefnu í tengslum við Landsmiðstöð Hreyfihamlaðra

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. fór yfir tillögunu. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Lagabreytingar

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. fór yfir tillögu að lagabreytingu er varðaði það að eftirleiðis verði stjórn landssambandsins jafnframt stjórn Sjálfsbjargarheimilisins og ef samþykkt tæki hún strax gildi. Tillagan var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt með 29 atkvæðum af 30 mögulegum.

Kosningar

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. kynnti fyrirkomulag kosninganna. Sjálfkjörið er í öll embættin nema í embætti meðstjórnenda. Í framboði voru Margrét S. Jónsdóttir og Ása Hildur Guðjónsdóttir. Niðurstöður kosninga voru að Margrét S. Jónsdóttir var kjörin með 16 atkvæðum gegn 11. Jafnframt kom fram að Guðni Sigmundsson hafði boðið sig fram sem formaður Hjálparliðasjóðsins.

Ályktanir stjórnar með áorðnum breytingum

Bergur Þór Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish. lagði fram þrjár ályktanir stjórnar með áorðnum breytingum.

1. Ályktun um ferðapjónustu fatlaðra

Frá því nýtt fyrirkomulag í ferðapjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu var tekið upp hefur ríkt vantraust af hálfu farþega til ferðapjónustu fatlaðra. Fyrir lok árs 2018 þurfa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að sýna fram á leiðir til úrbóta sem beðið hefur verið eftir við skipulag og þjónustu ferðapjónustu fatlaðra. Afar mikilvægt er að sveitarfélögin svari fötluðu fólki og samtökum þeirra þessari spurningu sem allra fyrst

Samkvæmt álitum umboðsmanns alþingis, liggur það fyrir að öll sveitarfélög þurfa að veita sínum hreyfihömluðu íbúum ferðapjónustu, líka í hinum dreifðari byggðum. Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 21. apríl 2018 skorar á þau sveitarfélög sem ekki eru að veita ferðapjónustu nú þegar, fyrir fatlað fólk að einhenda sér í veita hana, sé eftir henni óskað, enda er hún lögbundin.

Ályktunin var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt.

2. Ályktun um kjaramál fatlaðra.

Landsfundur Sjálfsbjargar landssamband hreyfihamlaðra haldinn 21. apríl 2018 skorar á ríkisstjórn Íslands að tryggja fötluðu fólki í landinu full mannréttindi. Króna á móti krónu skerðing viðgengst ennþá hjá þeim sem eru á örorkulífeyri. Þá skerðingu ber að afnema nú þegar. Koma þarf í veg fyrir að örorka sé ávísun á fátækt.

Samtökin krefjast þess að ríkisstjórnin, sveitarfélögin og atvinnulífið tryggi framboð á hlutastörfum nú þegar eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkistjórnarinnar.

Nýtt kerfi utanum örorkulífeyri og hugsanlegt starfsgetumat verður aldrei skiptimynt fyrir bætt kjör. Landsfundurinn krefst þess að farið verði í þær viðræður sem boðaðar hafa verið við forsvarsmenn öryrkja, enn hafa ekki formlega farið af stað ennþá.

Ályktunin var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt.

3. Ályktun um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Landsfundur Sjálfsbjargar harmar að ekki eigi að fullgilda Viðauka við samninginn en hann gerir ráð fyrir kvörtunarleið til Sameinuðu þjóðanna sem er nauðsynleg hreyfihömluðu fólki. Sú skýring stjórnvalda að viðaukinn hafi ekki verið fullgiltur vegna þess að hann inniberi valdaframsal er vafasöm, m.a. í ljósi þess að ályktun Alþingis gerði ráð fyrir að viðaukann ætti að fullgilda fyrir árslok 2017.

Ályktunin var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt.

Lóðaframkvæmdir

Tryggvi Friðjónsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins kynnti stöðu á lóðaframkvæmdum á lóðinni og hugmyndum um uppbyggingu nýrrar landsmiðstöðvar hreyfihamlaðra. Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. bar síðan fram tillögu um að fulltrúar landsfundar samþykktu að áfram skuli verða unnið samkvæmt tillögu á síðasta landsfundi og því sem fram kom í núverandi kynningu á framkvæmdum. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Starfsáætlun 2018 og 2019 – Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. kynnti starfsáætlunina. Starfsáætlun var lögð fyrir fund til samþykktar og var hún samþykkt.

Minningarsjóður Theodórs A. Jónssonar - Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. kynnti sjóðinn en tilgangur hans er að styrkja aðstoðarmenn Sjálfsbjargarfélaga. Lagt er til að sjóðurinn yrði felldur niður og að inneign hans renni í Hjálparliðasjóðinn sem gegnir sama hlutverki. Tillagan var borin upp til samþykkis og var hún samþykkt.

Starfskjaranefnd – Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Ish. upplýsti að samkvæmt lögum þarf að samþykkja setu í starfskjaranefnd og er það tillaga stjórnar að þeir sitji áfram sem áður sátu en það eru þau Þorkell Sigurlaugsson, Þórir Þorvarðarson frá Hagvangi og María Óskarsdóttir gjaldkeri Sjálfsbjargar. Var þetta borið undir fund til samþykktar og var samþykkt.

Ólöf Ríkarðsdóttir - Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish. minntist Ólafar Ríkarðsdóttur:

Ólöf Ríkarðsdóttir fæddist 14. júní 1922. Hún lést 26. nóvember 2017,

95 ára að aldri. Ólöf var einn stofnenda Sjálfsbjargar, sat í fyrstu framkvæmdastjórn samtakanna og gegndi þar stöðu ritara í 25 ár. Ólöf gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfsbjörg um áratugaskeið og lét sig varða um samtökin alla tíð. Hún hóf störf á skrifstofu Sjálfsbjargar árið 1967 og starfaði þar sem félagsmálafulltrúi Sjálfsbjargar allt til starfsloka árið 1992. Ólöf var sæmd gullmerki Sjálfsbjargar og æðsta heiðursmerki samtakanna einnig og var sú fyrsta sem hlaut það merki.

Hún átti síðan stóran þátt í stofnun Öryrkjabandalags Íslands. Það var strax á stofnfundi Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra í júní 1959 að samþykkt var áskorun til stjórnar Sjálfsbjargar að beita sér fyrir samvinnu við önnur öryrkjafélög með einhverskonar bandalag í huga. Fyrsti undirbúningsfundur með fulltrúum frá SÍBS og Blindrafélaginu var haldinn á heimili Ólafar þann 7. september 1959. Öryrkjabandalagið var síðan formlega stofnað árið 1961.

Ólöf varð formaður Öryrkjabandalagsins árin 1973-1975 og aftur 1993-1997. Hún sat einnig í stjórn bandalagsins þess utan um langt árabil og gegndi ýmsum embættum. Þegar hún lét af störfum sem formaður bandalagsins í seinna sinnið árið 1997 þá kvaddi Helgi Seljan félagsmálafulltrúi hana með þessari stöku.

Ólöfu ég aðeins kveð
einhvern veginn svona:
Hefur dögum ljóma léð,
ljúf en einörð kona.

Ólöf segir í viðtali í bókinni „Eitt samfélag fyrir alla“ sem er saga Öryrkjabandalagsins 1961-2011 meðal annars:
„Það var mikill baráttuandi í þessum fyrstu frumkvöðlum í réttindabaráttu öryrkja og okkur var yfirleitt tekið mjög vel. Þetta hafðist smátt og smátt og með árunum náðum við fram auknum réttindum, til dæmis varðandi aðgengi að samfélaginu og auknum menntunarmöguleikum. Og ekki má gleyma því að það tókst að vinna

mikið á fordómum. En auðvitað var margt eftir, takmarkið var jafnrétti öryrkja á við aðra þjófélagsþegna.“

Spor Ólafar liggja víða í okkar samfélagi. Formaður bað landsfundar fulltrúa að minnast hennar í þakklæti með einnar mínútu þögn.

Kaffihlé

Innsýn í störf Alþingis

Guðmundar Ingi Kristinsson alþingismaður og stjórnarmaður Sjálfsbjargar lsh. sagði frá sínum helstu verkefnum sem alþingismaður en hann er aðalmaður í Velferðarnefnd og varamaður í Allsherjarnefnd Alþingis. Hann sagði að hann teldi að sitt helsta verkefni á Alþingi væri að berjast fyrir réttindum fatlaðra.

Staða félagsstarfs innan Sjálfsbjargar

Þorsteinn Fr. Sigurðsson framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar lsh. lagði til að þessi liður yrði stytur. Kom fram hjá honum að lítið málefna- og félagsstarf væri almennt hjá aðildarfélögum, unnin var samantekt starfsemi félaganna upp úr ársskýrslum félaganna 2016. Niðurstaðan er ekki ólík niðurstöðu úttektar sem gerð var á starfsemi aðildarfélaganna 2003 af þremur MBA nemum. Bað hann fundarmenn að hugleiða hvað hægt er að gera til að takast á við minnkandi virkni í aðildarfélögum þegar kemur að málefnavarfi.

Landsfundir 2018 slitið

Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar lsh. minnti á útleigur í Kistuholti, Furuholti og aðstöðuna í Krika. Jafnframt þakkaði hann fyrir það traust sem honum hefur verið sýnt með endurkjöri en nú tekur við annað tímabil hans sem formaður Sjálfsbjargar lsh. Þá þakkaði hann fundarstjóra og ritara fundarins þeirra störf sem og öðrum starfsmönnum fundarins. Formaður sleit landsfundir kl. 16.15.

Þórdís Rún Þórisdóttir
fundarritari